

384. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 1. október 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 17:00.

Mætt:

Björn H Hilmarsson
Eiríkur Rúnar Böðvarsson í fjarverju JBÓ
Auður Kjartansdóttir
Jón Bjarki Jónatansson
Michael Gluszuk
Margrét Sif Sævarsdóttir
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 7. lið, bréf frá Soroptimistaklúbbi Snæfellsness, sem 8. lið bréf frá stjórn UMF Víkins/Reynis og sem 9. lið fundargerð fræðslunefndar frá 19. september. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) **Fundargerð 353. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 18. september 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 186. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. september 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) **Fundargerð 226. fundar menningarnefndar, dags. 3. september 2024.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) **Fundargerð 951. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2024.**
Lagt fram til kynningar.
- 5) **Drög að reglum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi um stuðningsþjónustu. Vísad til bæjarstjórnar úr bæjarráði.**
Bæjarstjórn samþykkti að fela bæjarstjóra og bæjarritara að skoða reglurnar með félagsþjónustunni.
- 6) **Bréf frá foreldrafélögum Leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 11. september 2024, varðandi sameiningu jafnaldra á leikskólum Snæfellsbæjar. Vísad til bæjarstjórnar úr bæjarráði.**
Bæjarstjórn þakkar bréfið, en vill leggja áherslu á að langt er síðan leikskólarnir í Snæfellsbæ sameinuðust og hafa foreldrar haft val um það hvort þeir kjósa að hafa börnin sín á Królakoti í Ólafsvík eða á Kríubóli á Hellissandi, ef frá eru talin yngstu börnin, þar sem ungbarnadeildin er staðsett á Hellissandi. Bæjarstjórn vill líka leggja áherslu á að aldrei væri hægt að lofa því að öll börn í sama árgangi væru á sömu deild, jafnvel þó leikskólanum yrði árgangaskipt, þar sem árgangar eru misstórir og áhersla lögð á að öll pláss séu nýtt. Bæjarstjórn telur líka að leikskólinn komi vel á mótis við þarfir allra barna á leikskólanum með þeirri deildaskiptingu og hópaskiptingu sem nú er í gangi og öll börn fái verkefni við hæfi.
Að svo stöddu sér bæjarstjórn ekki þörfina á því að breyta leikskólanum þannig að hann sé árgangaskiptir og telur jafnvel að slíkt muni hafa í för með sér ákveðin vandamál fyrir einhverja foreldra. Hins vegar, ef stór hluti foreldra leikskólabarna óskar eftir slíkum breytingum, þá væri bæjarstjórn tilbúin til að skoða það frekar.
- 7) **Bréf frá Soroptimistaklúbbi Snæfellsness, dags. 27. september 2024, varðandi húsaleigu í Röst.**
Auður vék af fundi undir þessum lið.
Erindið fellur ekki undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu í félagsheimilum bæjarfélagsins, og getur því bæjarstjórn ekki orðið við því. Hins vegar telur bæjarstjórn málefnið afar gott og samþykkti samhljóða að veita styrk vegna fyrirlestursins.
Auður kom nú aftur inn á fundinn.

BHH
AK
MS
IS
J3

8) **Bréf frá stjórn UMF Víkings/Reynis, dags. 26. september 2024, varðandi gervigrasvöllinn í Ólafsvík.**

Á sínum tíma, þegar ákveðið var að fara í uppbyggingu á fótboltavellinum í Ólafsvík, var tekin ákvörðun um að setja ekki hitalagnir undir völinn. Búandi á köldu svæði myndi verða gríðarlega dýrt að halda hita á vellinum yfir vetrartímann þannig að hann héldist frost- og snjólaus. Jafnframt var tekin ákvörðun um að hafa völinn lokaðan frá 1. nóvember – 31. mars ár hvert nema þannig viðræði að hægt væri að nota hann án snjómoksturs. Var þetta hvoru tveggja ákveðið með vitund og stuðningi mfl. Víkings og stjórnar UMF Víkings/Reynis.

Bæjarstjórn gerir sér fulla grein fyrir mikilvægi hreyfingar fyrir börn og ungmenni og er afar ánægð með starf ungmennafélagsins til að viðhalda fjölbreytni í þeim íþróttagreinum sem boðið er upp á. Bæjarstjórn telur þó ekki vera möguleika á því, að svo stöddu, að fara í það verk að hreinsa völinn fyrir æfingar eða leiki á tímabilinu nóvember - mars, miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra tekja og tóla sem þarf til að moka án þess að völlurinn skemmist og þess tíma sem það tekur að hreinsa hann.

9) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 19. september 2024.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

10) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslufirlit ársins.
- Bæjarstjóri sagði frá fundi sem hann og bæjarfulltrúar fóru á í dag með alþingismönnum kjördæmisins.
- Bæjarstjórn ræddi mögulega lýsingu á ERRÓ listaverkinu og formlega vígslu á því.
- Bæjarstjóri fór yfir sorpmálin.
- Bæjarstjóri sagði frá undirritun samnings við Fjarskiptasjóð um ljósleiðaravæðingu og nú verður undirritaður samningur við Mílu um framkvæmd verksins.
- Bæjarstjóri sagði frá því að í gær hófust framkvæmdir við nýja anddyrið á Jaðri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:12



Björn H Hilmarsson



Eiríkur Bödvar Rúnarsson



Michael Gluszek



Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Jón Bjarki Jónatansson


Fríða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari